



Viðauki við grunnlýsingu Símans hf., dagsett 22. september 2025, vegna 6.000.000.000 kr. útgáfuramma

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dagsett 22. september 2025 útgefin af Símanum hf. (hér eftir nefnd „grunnlýsingin“ og „Síminn“, „útgefandi“ eða „félagið“) skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingu jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

1. Hækkun á útgáfuramma Símans

Í grunnlýsinguinni er vísað til þess að útgáfurammi Símans, og útgáfa skuldabréfa og víxla samkvæmt honum, séu í samræmi við ákvörðun stjórnar Símans þann 30. maí 2023 og að fjárhæð rammans nemi 6.000.000.000 kr.

Stjórn útgefanda samþykkti þann 24. nóvember 2025 að hækka fjárhæð útgáfurammans upp í 9 ma.kr. Af framangreindri hækkun útgáfurammans leiðir að gera þarf eftirfarandi breytingar á grunnlýsinguinni:

Formáli grunnlýsingarinnar

Fyrirsögn formálans skal eftirleiðis vera „Grunnlysing vegna 9.000.000.000 króna útgáfuramma“.

Fyrsta efnisgrein formálans skal eftirleiðis vera svohljóðandi: „Síminn hf., kt 460207-0880, Ármúla 25, Reykjavík (hér eftir „Útgefandi“ og „Síminn“) mun gefa út skuldabréf og/eða víxla (hér eftir „skuldaskjöl“) samkvæmt þessum 9.000.000.000 króna útgáfuramma (hér eftir „útgáfuramminn“).“

Önnur efnisgrein formálans skal eftirleiðis vera svohljóðandi: „Skuldaskjölín sem gefin verða út undir útgáfurammanum verða gefin út með rafrænum hætti hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. Samanlagt nafnverð allra útgefinna og útistandandi skuldaskjala sem gefin verða út undir útgáfurammanum verður ekki umfram 9.000.000.000 króna nema tilkynnt verði um breytingu á stærð útgáfurammans.“

Kaflí 1.2 - Heimild til útgáfu og stærð útgáfurammans

Fyrstu efnisgrein undirkaflans á bls. 2 skal skipt út fyrir svohljóðandi texta: „Útgáfuramminn og útgáfa skuldabréfa og víxla samkvæmt honum eru í samræmi við ákvörðun stjórnar Símans þann 24. nóvember 2025 og nemur fjárhæð hans 9.000.000.000 kr. (hér eftir „útgáfuramminn“). Samanlagt nafnverð útgefinna skuldaskjala sem gefin verða út samkvæmt útgáfurammanum skal ekki vera umfram 9.000.000.000 kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum myntum eins og lýst er hér að neðan, eða þá mögulegu stækkun á útgáfurammanum sem er háð heimild stjórnar Símans.“

Kaflí 4 – Form endanlegra skilmála

Á forsiðu formsins á bls. 32 skal eftirleiðis standa „9.000.000.000 kr.“ í stað „6.000.000.000 kr.“

Í fyrstu efnisgrein almenns texta á forsiðu formsins á bls. 32 skal eftirleiðis standa „9.000.000.000 kr.“ í stað „6.000.000.000 kr.“

Kaflí 6 – Tilkynning til fjárfesta

Fyrsta málsgrein annarrar efnisgreinar kaflans á bls. 50 skal eftirleiðis hljóða svo: „Samkvæmt útgáfurammanum getur Síminn hf. gefið út skuldaskjöl fyrir allt að 9 ma.kr. í samræmi við ákvæði útgáfurammans, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing, í hverri þeirri mynt sem ákveðin er af útgefanda og tilgreind er í endanlegum skilmálum hverju sinni.“

Kaflí 6.1 - Skilgreiningar og tilvísanir

Þriðju efnisgrein kaflans sem skilgreinir hugtakið útgáfurammi á bls. 51 skal skipt út fyrir svohljóðandi texta: „Vísun til „útgáfurammans“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til 9 ma.kr. útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari.“

2. Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Símans hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Símans hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 26. nóvember 2025

Fyrir hönd Símans hf.

Jón Sigurðsson
Stjórnarformaður

María Björk Einarsdóttir
Forstjóri